

Dómarafélag Íslands
Skógarhlíð 6
Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 87 1113
komudagur 30 11 1990

Reykjavík, 29. nóvember 1990.

Efni: Umsögn Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.

Vísað er til bréfs yðar dags. 7. nóvember sl. Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála var aðalumræðuefni á dómaraþingi sem haldið var þann 1. og 2. nóvember sl. Þá var frumvarpið enn fremur til umræðu á almennum fundi hjá Lögfræðingafélagi Íslands 19. þ. m. Á báðum þessum fundum skýrðu framsögumenn efni frumvarpsins en síðan gerðu fundarmenn grein fyrir sínum skoðunum. Miklar umræður urðu um frumvarpið á báðum þessum fundum. Stjórn Dómarafélags Íslands hefur einnig haft til skoðunar munnlegar og skriflegar athugasemdir frá félagsmönnum varðandi frumvarpið.

Í athugasemdum við frumvarp það sem hér liggur fyrir er á bls. 44 og 45 í liðum a) til e) gerð grein fyrir þeim markmiðum sem stefnt er að með samningu þess. Stjórn Dómarafélags Íslands er sammála höfundum frumvarpsins um öll þessi markmið.

Vegna hinna miklu umskipta sem verða á dómsmálaskipan í landinu samfara gildistöku aðskilnaðarlaganna í júlí 1992 er ljóst að breyta þarf lögum um meðferð opinberra mála. Með frumvarpinu er stefnt að því, að greint verði til fullnaðar milli ákærvalds og dómsvalds og að fulltrúi ákærvaldsins sé að jafnaði viðstaddur réttarhöld, þar á meðal og einkum, aðalmeðferð málsins þar sem mál verður sótt og varið munnlega í heyrenda hljóði af hálfu beggja aðila. Í umræðum um frumvarpið hafa mörg athyglisverð sjónarmið verið reifuð en þeim hefur verið komið á framfæri við réttarfarsnefnd og dómsmálaráðuneytið. Má þar nefna þau sem fram koma í bréfi sakadóms Reykjavíkur til ráðuneytisins dags. 5. september 1990.

Í frumvarpinu er gætt helstu meginreglna opinbers réttarfars og þá jafnframt tekið tillit til ákvæða í samningum, sem Ísland er aðila að, um verndun mannréttinda og mannfrelsis svo og um borgarleg og stjórnmalaleg réttindi.

Stjórn Dómarafélags Íslands leggur megináherslu á að vel takist til með framkvæmd laganna verði frumvarpið að lögum. Það atriði skiptir að mati stjórnarinnar ekki síður máli en að reynt verði að ná fullri einingu um frumvarpið.

Þess má geta að í nefnd, sem starfar á vegum dómsmálaráðuneytisins að undirbúningi gildistöku laga um aðskilnað dóms- og framkvæmdavalds, er nú unnið að því ásamt

rikissaksóknara að útbúa leiðbeiningarreglur um verkaskiptingu milli rikissaksóknara og annarra ákærenda og milli ákærenda í einstökum umdæmum. Þetta gildir um fleiri þætti frumvarpsins.

Stjórn Dómarafélags Íslands treystir því að þingið taki allar fram komnar ábendingar til velviljaðrar skoðunar og mælir með að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd stjórnar Dómarafélags Íslands

Wally Sigurðsson
Steingunnar Guðmundur Kristjánsson

Til allsherjarnefndar efri deilar Alþingis
b.t. Þórðar Bogasonar, nefndarritara
Alþingishúsinu við Austurvöll
150, Reykjavík